Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2014-2015

farsæld

Samvinnuverkefni allra jarðarbúa

Í september árið 2000 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar 15 ára áætlun í þróunarmálum með svokölluðum þúsaldarmarkmiðum. Margt hefur áunnist þótt öllum markmiðunum hafi ekki verið náð. Þannig hefur þeim sem búa við sára fátækt fækkað um 700 milljónir, árangur hefur náðst í baráttu við sjúkdóma, barna- og mæðradauða, aðgengi að vatni hefur stóraukist og nú komast stúlkur í auknum mæli í skóla til jafns við drengi.

Við lok árs 2015 munu sjálfbær þróunarmarkmið taka við af þúsaldarmarkmiðunum og er ríkjum heims ætlað að ná þeim fyrir árið 2030. Nýju markmiðin fela í sér kröfu um verndun vistkerfa og hnattræna samstöðu um sjálfbæra þróun um leið og barist er gegn fátækt, hungri og vannæringu. Þau reyna á samkomulag í loftslagsmálum þar sem þjóðir heims takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og að ríkari þjóðir fjármagni þróunarsamvinnu sem eykur hagvöxt meðal fátækari þjóða og þar með farsæld í heiminum öllum.

Í áætlun sem liggur fyrir alþingi um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands árin 2016 – 2019 er yfirmarkmið að draga úr fátækt og stuðla að almennri velferð á grundvelli jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Framtíðarsýnin í áætluninni er sjálfbær og réttlát veröld þar sem mannréttindi eru virt og allar manneskjur hafa tækifæri og getu til að uppfylla réttindi sín og þarfir. Þróunarsamvinna Íslands á að endurspegla gildi sem íslenskt samfélag hefur í heiðri: Virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi og réttlæti.

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar eru í fullum samhljómi við markmið Sameinuðu þjóðanna og áætlun Íslands um þróunarsamvinnu: Að létta á örbirgð og efla virðingu fyrir mannréttindum fólks sem býr við fátækt og óréttlæti. Í starfinu er haft að leiðarljósi að það leiði til sjálfshjálpar, jafnréttis og sjálfbærrar þróunar í samfélögunum sem starfað er með.

Í þessari skýrslu er fjallað um þemu verkefna Hjálparstarfsins frá byrjun júlí 2014 til loka júnímánaðar 2015. Nánar um hvert verkefni fyrir sig má sjá á www.help.is undir liðnum um okkur, ársskýrslur. Við þökkum stuðninginn við starfið. Margt smátt gerir eitt stórt!

Hjálparstarf kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar

- **Er óháð og sjálfstæð sjálfseignarstofnun stofnuð af Þjóðkirkju Íslands árið 1969**
- **Faglegt mat á þörf liggur til grundvallar verkefnum innanlands og utan**
- **Öll aðstoð er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kynferðis eða skoðana þeirra sem á henni þurfa að halda**

Verkefnasvæði starfsárið 2014 – 2015



Neyðaraðstoð – Valdefling – Talsmannshlutverk

Starfið er þríþætt og felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið sé meðvitað um og taki tillit til þarfa þeirra og réttinda.

Mikið og gott samstarf innanlands og utan

Á Íslandi starfar Hjálparstarfið með prestum í kirkjum landsins, félagsþjónustu sveitarfélaga, Hjálpræðishernum, Rauða krossinum, mæðrastyrksnefndum, heilbrigðisstofnunum, ráðuneytum og verkefnanefndum.

Í þróunarsamvinnu vinnur Hjálparstarfið með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lúterska heimssambandsins, Lutheran World Federation, Department for World Service. Hátt í 2 milljónir manns í 33 löndum nutu aðstoðar samtakanna á árinu. Yfir 2.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun sem og menninguna, venjur og tungumál. LWF DWS er fimmti stærsti samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, í heiminum.

Neyðaraðstoð erlendis veitir Hjálparstarfið með þátttöku í alþjóðahjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Hundrað og fjörtíu kirkjutengdar hjálparstofnanir og um 25.000 starfsmenn og sjálfboðaliðar samtakanna veita neyðaraðstoð og vinna að þróunarsamvinnu vegna náttúruhamfara, stríðsástands og fátæktar. ACT Alliance stuðlar að réttlæti með því að þrýsta á stjórnvöld og alþjóðastofnanir um umbætur á sviði laga og efnahagsmála.

vatn: Aðgengi að hreinu vatni bætir lífsskilyrði

Upp til sveita í Afríku sunnan Sahara deila milljónir íbúa vatnsbólum með dýrum og vatnið er því oft saurmengað. Konur og stúlkur ganga þar í allt að sex klukkustundir eftir vatni en þar sem vatn er í meira en eins kílómetra fjarlægð er vatnsneysla hvers og eins oft minni en 5 lítrar á dag. Skortur á drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu valda bannvænum sjúkdómum. Skortur á aðgengi kemur í veg fyrir að stúlkur gangi í skóla og að konur sinni öðrum brýnum verkefnum en að sækja vatn.

Að tryggja aðgang að hreinu vatni og bæta þannig lífsskilyrði fólks er eitt af meginmarkmiðum Hjálparstarfs kirkjunnar á starfssvæðum stofnunarinnar í Eþíópíu og Úganda.

- Vatnsþrær grafnar
- Brunnar byggðir
- Söfnunartankar fyrir rigningarvatn reistir
- Vatnsnefndir heimamanna stofnaðar
- Þjálfun veitt í viðhaldi og stjórn vatnsbóla
- Fræðsla veitt um áveitu og nýtingu vatns til fæðuframleiðslu
- Kamrar reistir sem og handþvottaaðstaða og aðstaða til þvotta
- Fræðsla veitt um nauðsyn hreinlætis og um smitleiðir sjúkdóma
- Samvinna við heimafólk og staðaryfirvöld, tryggir sjálfbærni

jafnrétti: Forsenda framfara

Konur á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda og Eþíópíu hafa takmarkað vald yfir landi, búfénaði og peningum og hafa því fá tækifæri til að taka ákvarðanir sem varða líf þeirra. Kynjamisréttið hefur neikvæð áhrif á heilsufar og lífsafkomu þeirra og þar með samfélagsins alls.

Stór þáttur í verkefnum Hjálparstarfsins er að efla völd og áhrif kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Að gera stúlkum kleift að sækja skóla og konum að standa fyrir eigin atvinnurekstri og ráðstafa tekjum af honum bætir ekki bara lífsafkomu þeirra heldur gerir þeim kleift að móta sér skoðanir og taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra.

Með því að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna nýtist aðstoðin fjölskyldum og samfélagi best.

- **Vatnsþrær, brunnar og vatnstankar sem reistir eru stytta tímann sem það tekur stúlkur og konur að sækja vatn verulega**
- **Sparhlóðir draga úr vinnuálagi á konur**
- **Örlán, fræðsla og þjálfun í atvinnurekstri auka möguleika kvenna í atvinnulífinu**
- **Fræðsla um skaðsemi limlestingar kynfæra kvenna og samvinna við skoðanaleiðtoga um afnám þessara skaðlegu venja bætir heilsufar kvenna**
- **Samvinna við yfirvöld og foreldra til að halda stúlkum í skóla eykur framtíðarmöguleika stúlkna**

sjálfbærni:

Sjálfshjálp er leið að sjálfbærni

Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar fólki við að finna eigin lausnir á vanda sem að því steðjar með því að hlusta á það og veita fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda. Leitast er við að efla fólk til áhrifa með ráðgjöf, þjálfun og efnislegri aðstoð. Öll aðstoð miðar að því að byggja upp þekkingu og færni fólks svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Á verkefnasvæðum í Eþíópíu leggur Hjálparstarfið áherslu á fræðslu um umhverfismál og aðgerðir sem vernda umhverfið og snúa við hættulegri þróun þar sem hún á sér stað. Þekking heimafólks á aðstæðum er nýtt við að þróa sjálfbærar aðferðir við jarðrækt og skepnuhald.

- Trjágræðlingar eru ræktaðir og gróðursettir til að binda vatn í jarðveg og mynda seinna skugga fyrir aðra ræktun
- Fræðsla er veitt um hvernig best sé að undirbúa jarðveg fyrir ræktun, um kosti áveitu og ágæti taðs sem áburðar
- Nýjar tegundir eru kynntar til jarðræktar og fræðsla veitt um kosti víxlræktunar fjölbreyttra og þurrkaþolinna fæðutegunda
- Fræðsla er veitt um hvernig auka má geymsluþol uppskerunnar
- Bændur fá plóga og skóflur til að auðvelda jarðyrkju
- Sparhlóðir sem minnka eldiviðarþörf og draga úr reykmengun eru innleiddar
- Dýraliðar eru þjálfaðir í að bólusetja dýr
- Fræðsla er veitt um meðferð við dýrasjúkdómum
- Þjálfun er veitt í að afla dýrafóðurs
- Fræðsla er veitt um afleiðingu ofbeitar

börn: Aðhlynning og skólastarf gefa von um bjarta framtíð

Börn sem búa við sára fátækt eru í forgangi í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Á Indlandi eru börn dalíta, hinna stéttlausu, órétti beitt og eiga á hættu að verða hneppt í skuldaánauð. Í Úganda líða börn alnæmissjúkra skort vegna heilsuleysis foreldra og á verkefnasvæðum í Eþíópíu og Úganda kemur það oftast nær í hlut stúlkna að sækja vatn um langan veg og þar með minnkar sá tími sem þær hafa til skólagöngu.

- **Skóli og heimavist eru rekin fyrir börn stéttleysingja og þannig er komið í veg fyrir að þau verði hneppt í skuldaánauð**
- **Börn stéttleysingja fá fæði, klæði og aðgang að heilsugæslu**
- **Skólar fá kennslu- og námsgögn**
- **Hús, vatnstankar og kamrar eru reist fyrir alnæmissjúka og munaðarlaus börn og þeim útvegaður húsbúnaður og húsdýr**
- **Sálrænn stuðningur er veittur og ráðgjöf í lífsleikni**
- **Munaðarlaus börn fá aðstoð við að finna leiðir til framfærslu**
- **Munaðarlaus börn eru studd til verknáms**
- **Fræðsla er veitt um smitleiðir HIV**
- **Fólk er hvatt til að fara í HIVpróf og því hjálpað að nálgast lyf**
- **HIVsmitaðir taka þátt í að sporna gegn fordómum**
- **Fræðsla er veitt um skaðleg áhrif limlestingar kynfæra kvenna og þess að skera úfinn úr börnum og samvinna er við trúar- og þorpsleiðtoga um afnám þessara skaðlegu venja**
- **Með brunnum og vatnsþróm í jaðri þorpa styttist tíminn sem stúlkur nota til að sækja vatn**
- **Samvinna er við staðaryfirvöld um leiðir til að fjölga stúlkum í skóla og til að koma í veg fyrir brottfall þeirra**

stuðningur:

Efnislegur stuðningur við fólk í neyð

Erfiðar aðstæður svo sem vegna veikinda, slysa og atvinnumissis gera ekki alltaf boð á undan sér og það getur verið erfitt að vinna sig út úr þeim. Hjálparstarf kirkjunnar hlustar og er til staðar fyrir fólk á Íslandi sem býr við verulegan skort á efnislegum gæðum en við þær aðstæður er fólk – sérstaklega börn – í sérlega viðkvæmri stöðu í samfélaginu og í aukinni hættu á félagslegri einangrun. Markmiðið með sérstökum stuðningi við börn efnalítilla foreldra er að styrkja sjálfsmynd þeirra og auka virkni og þátttöku í samfélaginu; að sjá til þess að efnislegur skortur takmarki ekki möguleika barna til farsæls lífs.

- **Inneignarkort í matvöruverslanir eru veitt barnafjölskyldum um allt land sem og einstaklingum sem búa utan suðvesturhornsins**
- **Aðstoð vegna lyfjakaupa er veitt í neyðartilfellum**
- **Sjálfboðaliðar aðstoða fólk sem kemur eftir notuðum fatnaði**
- **Foreldrar barna og unglinga í grunnskóla fá inneignarkort fyrir námsgögnum og fatnaði í upphafi skólaárs**
- **Styrkir eru veittir vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs barna og unglinga**
- **Framhaldsskólanemar fá styrk fyrir skólagjöldum og námsgögnum**
- **Fjölskyldur fá gjafakort til sameiginlegrar afþreyingar**
- **Sérstök aðstoð er veitt fyrir jól til að gera fólki kleift að gera sér dagamun, gleðjast með fjölskyldunni yfir hátíðirnar og stuðla að aukinni félagslegri virkni**

valdefling:

Hjálp til sjálfshjálpar

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að ná valdi yfir aðstæðum sínum, bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Hjálparstarfið leggur áherslu á að hjálpa fólki þannig að það finni styrk sinn og geti notað hann til að taka ákvarðanir um eigið líf.

Hjálparstarfið er talsmaður fátækra innanlands og utan. Á Íslandi taka félagsráðgjafar og skjólstæðingar Hjálparstarfsins þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna á fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Hjálparstarfið leitast við að nálgast fólk á forsendum þess sjálfs og tvinnar saman efnislegan stuðning og valdeflingu. Markmiðið er að starfið leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks.

- **Félagsráðgjöf**
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Sálgæsla og sáttamiðlun**
- **Sjálfstyrkingar- og færninámskeið**
- **Skipulögð sumarfrí fyrir efnalitlar barnafjölskyldur**
- **Skipulögð samvera með ræktun grænmetis í matjurtargörðum**
- **Styrkir vegna skólagöngu barna, unglinga og fólks í endurhæfingu**
- **Styrkir vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs barna og unglinga**
- **Talsmannshlutverk**

Breytendur:

Horft á stóra samhengið

Breytendur – Changemaker á Íslandi – er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar. Markmið hreyfingarinnar er að koma auga á þær hindranir sem ríkari þjóðir heims setja vitandi eða óafvitandi í veg þeirra fátækari og benda á aðgerðir sem hægt er að ráðast í hér á landi og sem hefðu áhrif út fyrir landsteinana. Breytendur vilja beita skapandi hugsun og aðgerðum til að vekja athygli á málefnum sem á þeim brenna hverju sinni.

Í gegnum tíðina hafa loftslagsbreytingar af mannavöldum verið Breytöndum (Breytönd í nf. et.) ofarlega í huga og hefur hreyfingin staðið fyrir undirskriftasöfnunum og gjörningum til þess að vekja athygli á þeirri miklu ógn sem hnattræn hlýnum er við lífsskilyrði þeirra sem minnst mega sín á heimsvísu.

- **Herferð gegn vinnslu olíu á Drekasvæðinu í samstarfi við náttúruverndarhópa með loftslagsgöngu og undirskriftasöfnun**
- **Fræðslufundir, tónleikar og jákvæðir gjörningar í nærumhverfinu**
- ***Fjaðrafok*, helgarnámskeið fyrir nýliða**
- **Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi Changemaker**
- **Fjáröflun fyrir verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir jól með sölu *Friðarljósa* og gjafabréfanna *Gjöf sem gefur***
- **Facebook og heimasíða notuð til að koma á framfæri upplýsingum um áherslumálefni m.a. um sanngjörn viðskipti**

Tekjur námu 228,8 milljónum króna



187,7 milljónum króna varið til verkefna



Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2015 námu 228,8 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu; söfnun fermingarbarna í nóvember og jóla- og páskasöfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einning mikilvægum tekjum. Þá hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af stuðningi stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu.

Framlög til verkefna

103,1 milljón var varið til þróunarsamvinnu og 74,6 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 10 milljónir. Hjálparstarfið varði samtals 256,8 milljónum til verkefna og reksturs á árinu. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 162,8 milljónir króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 132 milljónir vegna langtímaverkefna.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 256,8 milljónum króna



actalliance

THE LUTHERAN WORLD FEDERATION

English Summary

Independent organisation in a global alliance

Icelandic Church Aid, founded in 1969, initiates and coordinates emergency assistance and development work on behalf of the National Church of Iceland. ICA has six staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members.

ICA runs projects at home and funds projects abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation (LWF), an alliance of 145 churches and faith based organisations in 98 countries, representing over 72 million people. LWF Department for World Service (DWS) runs successful emergency response and long term development work in 33 countries. Through LWF DWS, ICA has access to expertise in a very specialized field and is able to direct funds to the poorest of the poor in its projects in Ethiopia, Uganda and India. All work is done in close partnership with local organisations and the people at the grassroot level.

ACT Alliance is a coalition of more than 140 churches and faith based organisations and is supported by 25,000 staff and volunteers. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and the World Council of Churches, as well as long-term development projects and strong advocacy. ACT Alliance works to influence government policies and international organisations for the benefit of developing countries. Members mobilse about $1.5 for its work in 140 countries each year.

Ensuring access to safe drinking water is improving quality of life

Water is scarce in our intervention areas in Ethiopia and Uganda. Thus water is the basis of all our work, supporting other components. This year ICA funded water

tanks, borehole rehabilitation, shallow wells and cisterns and trained water committees for the maintenance of wells and their surroundings. Purifying tablets were distributed were surface water is used. Latrines were built, hygiene and sanitation taught and practiced for personal needs and the cleaneliness of the home and its surroundings.

With more water accessible, irrigation sustained diverse new crops that were used to supplement main crops and improve soil. Tools were supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Animal husbandry increased, with training in care, as low productivity and diseases are constraints on farming. Paravets had refresher training in diagnosis and treatment.

A borehole within easy reach saves time. More girls were able to go to school, mothers had more time for childrearing, food production and economic activities. Special cisterns were made to water animals, decreasing considerably the transmission of diseases.

Empowering women to build stronger economies

Our beneficiaries all live in absolute poverty in the harshest environments. Not because it is their choice. It is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA´s development work is becoming more and more rights-based.

Drilling for water, food production, healthcare, education, is never just that. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and improving their daily lives, but more importantly also about their rights and how to claim them. We train people, especially women, to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision making table. Extensive work is done

with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behavior change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channelled to reduce it.

Sustainable livelihoods in a changing climate

Sustainability is at the core of the work ICA helps to fund, though beneficiaries all live in absolute poverty. Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder, inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene.

In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries all receive training on local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothens cooperation. People understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another.

Improving the quality of life of people affected by HIV and AIDS

To counter the effects of HIV/AIDS, ICA provided AIDS orphans with material and psycho-social help. New housing is provided, houshold items, beddings, mosquito nets, schoolbooks, tools, seeds and much more. But probably most importantly, regular counselling is offered as well as special trauma counselling. Volunteers are trained, thus capacity is built locally.

Much needed discussions continued with the community and leaders to inform about HIV/AIDS, promote testing and support change in sexual behavior. HIV-positive people were involved, simply by coming forth – and telling their stories as many are still convinced that HIV does not exist in their region. This proved to be effective as the reduction of the number of HIV-positive people had come to a halt in many areas. New ways to reach the communities were needed and involving them proved to be successful.

Patients were supported to access anti-retroviral medicine regulary as most live in remote areas. Through our projects, government staff is continually trained to recognize and work with the infected and affected, dealing with the social and economic effects of AIDS.

Education – Key to a better life

ICA supporters sponsor children in boarding schools for primary, secondary and even university studies in India. Education, meals, care and time to play offer a better childhood. Partners in Uganda work with orphaned children struggling with adult responsibilities, taking care of younger siblings as head of household. They are helped to support themselves through agriculture and other means where education and tools are provided and opportunities created. In all our projects children also benefit indirectly through their parents.

Assistance and empowerment at home

ICA provides assistance all over Iceland through pastors and social workers. Single parents, the unemployed, the disabled and others with low incomes or living off ben-

efits seek assistance with food and groceries through gift cards in food stores, medical bills, clothing, school and hobby necessities for their children and more.

ICA seeks to be professional in its intervention with people in need, responding to individual cases in an appropriate manner. Interviews, preceding every delivery of assistance, provide important information. Through them, ICA´s social workers can constantly monitor the situation and adapt its aid to needs.

All applicants are encouraged to go for counselling, a part of ICA´s service that has much increased. Deeper individual counselling and financial counselling are well appreciated options. Several youngsters receive special support to finish secondary schooling and adults are supported in rehabilitation and further studying to be able to join the job market. Recording of relevant data helps ICA lobby for support measures from government and municipalities on the basis of reliable data.

Changemakers – look at the big picture

Changemakers, ICA's youth movement, fights global warming, unfair trade, debt, violence and HIV/AIDS, with positive actions in their home country, Iceland. They visit schools, organise workshops and happenings, publish brochures, aim to influence the government and engage the public in conversation. This year the group organised a happening to protest against the agreed exploration campaign for oil in the Dreki area in Icelandic waters. Changemakers in Iceland cooperate with their counterparts in Norway and other countries. Participants are 13-30 years old working for a better world –having fun doing it.

Total Income 228,8 million ISK



Expenditure for Projects 187,7 million ISK



Total Expenditure 256,8 million ISK



Gjöf sem heldur áfram að gefa

Á **www.gjofsemgefur.is** færðu vörur sem þú færð hvergi annars staðar. Þú færð gjöf sem móttakandinn hér heima gleðst yfir og sá sem fær andvirði hennar, hér heima eða úti í heimi, verður enn kátari. Því hvort sem það eru hænur eða heilt hús fyrir munaðarlaus börn þá eru það gjafir sem geta umbreytt lífinu fyrir fátækt fólk.

Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar þar sem þörfin er mest. Við erum alltaf í samstarfi við heimafólk á hverjum stað. Það þekkir best vandann sem glímt er við og leiðir til að leysa hann. Okkar hugmyndum og lausnum er ekki þröngvað uppá fólk og þess vegna eru allar gjafirnar sem þú getur keypt hér, eitthvað sem örugglega vantar og örugglega kemur að gagni.

Þú fylgir leiðbeiningunum, kaupir gjafabréf sem þér hugnast best, skrifar á það fallega kveðju, prentar út og ferð með það í boðið eða sendir það með tölvupósti.

Ef ekkert sérstakt stendur til en þig langar að taka þátt í starfinu þá ferðu inn á **www.framlag.is** og velur málefni sem þú vilt styrkja. Þú velur upphæð og gengur frá málinu; einn, tveir og þrír. Þú getur líka komið á skrifstofuna eða hringdu bara til okkar. Við gerum þetta allt í gegnum síma líka: **528 4400**.

Fréttablaðið okkar, **Margt smátt …**, kemur út fjórum sinnum á ári. Láttu okkur vita ef þú vilt ókeypis áskrift. Viltu auglýsa í blaðinu? Það styrkir upplýsingastarfið sem hvetur aðra til að gefa.

Á heimasíðu Hjálparstarfsins, **www.help.is**, finnur þú upplýsingar um starfið og þaðan getur þú sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag.

Stjórn og starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar 2014-2015:

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur
Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsfólk:

Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.
Áslaug Arndal hefur umsjón með skrifstofu og fósturbörnum á Indlandi
Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri
Kristín Ólafsdóttir hefur umsjón með fræðslu og fjáröflun
Sædís Arnardóttir er félagsráðgjafi í innanlandsstarfi í 60% starfshlutfalli
Vilborg Oddsdóttir er félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík
Sími: 528 4400
www.help.is
https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar

Ljósmyndir: Hjálparstarf kirkjunnar
Hönnun: Margrét E. Laxness
Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja

Heimasíða: www.help.is

Facebooksíða: hjálparstarf.kirkjunnar

Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is

Framlög: www.framlag.is

Ungliðahreyfing: www.changemaker.is

THE LUTHERAN WORLD FEDERATION

actalliance